



Foreldrasamstarf í leikskólum

Sýn foreldra á samstarf við starfsfólk
leikskóla

Arnar Þór Hafsteinnsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Foreldrasamstarf í leikskólum

Sýn foreldra á samstarf við starfsfólk leikskóla

Arnar Þór Hafsteinsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í

Leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Sara Margrét Ólafsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Máí 2021

Foreldrasamstarf í leikskólum

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-
prófs í Leikskólakennarafræði við Deild kennslu-
og menntunarfræði, Menntavísindasviði Háskóla
Íslands

© Arnar Þór Hafsteinsson 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Það hefur sýnt sig að samstarf milli foreldra og starfsmanna leikskóla er mikilvægur liður fyrir menntun barna. Í þessari ritgerð verður foreldrasamstarf skoðað og þá sérstaklega með sjónarhorn foreldra í huga. Tilgangurinn með ritgerðinni er að rýna í foreldrasamstarf, hvernig því er háttað og hvað betur mætti fara til þess að nemendur, foreldrar og kennarar hagnist sem mest. Niðurstöður leiða í ljós að flestir foreldrar eru ánægðir með starf leikskóla og samvinnu við þá. Þó ber á því að foreldrum finnst vanta stutt dagleg samskipti við þá starfsmenn sem hafa eytt tíma með þeirra barni þann daginn. Þessar niðurstöður geta brúað betur bilið milli heimilis og leikskóla og aukið skilning kennara á því hvernig hægt sé að bæta foreldrasamstarfið á þann hátt að allir sem eiga hlut græði; barnið, foreldrarnir og kennarinn.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Efnisyfirlit	4
Töfluskra	5
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Hvers vegna foreldrasamstarf?	9
3 Ólíkar tegundir foreldrasamstarfs	10
4 Hvernig skal skapa gott samstarf foreldra og kennara?	12
5 Hlutverk leikskólakennara í foreldrasamstarfi	13
6 Sýn leikskólakennara á foreldrasamstarf	14
7 Breyttar aðstæður fjölskyldna og skólasamfélags	15
7.1 Foreldrar af erlendum uppruna	17
8 Sýn foreldra á skólasamstarf	18
8.1 Væntingar foreldra til samstarfs	19
9 Hindranir í samskiptum og samstarfi	20
9.1 Hlið kennara á hindrunum í samstarfi	20
9.2 Hlið foreldra á hindrunum í samstarfi	21
10 Ytra mat menntamálastofnunar	22
11 Samantekt	23
12 Umræða	25
12.1 Mín reynsla af foreldrasamstarfi	25
12.2 Stytting vinnuvikunnar og opnunartíma leikskóla	25
12.3 Virðing foreldra í garð leikskólakennara	26
12.4 Fjölbreyttur hópur foreldra	27
12.5 Mismunandi viðhorf kennara og foreldra til foreldrasamstarfs	28
12.6 Samskiptaleiðir kennara og foreldra	28
12.7 Foreldrakannanir og samræmi við fyrri rannsóknir	29
13 Lokaorð	31
Heimildaskra	33

Töfluskrá

Tafla 1. Viðvera barna í leikskóla árin 2015 -2019. Hægt er að sjá hlutfall viðveru leikskólabarna í leikskólanum miðað við klukkustundir, einnig er hægt að sjá viðveru barna árið 1999.

Formáli

Þessi ritgerð er 10 eininga lokaritgerð til B.Ed.-prófs í Leikskólakennarafræðum. Ég valdi mér þetta viðfangsefni vegna áhuga á viðhorfi foreldra og annara á leikskólastarfinu almennt. Mér finnst mikilvægt að efla samband leikskólakennara við foreldra en ég tel það bestu leiðina til að efla sýn almennings á mikilvægi leikskóla í íslensku samfélagi. Ritgerðin er skrifuð undir leiðsögn Söru Margrétar Ólafsdóttur og mig langar að þakka henni fyrir þá leiðsögn sem hún hefur veitt mér. Mig langar einnig að þakka mömmu minni fyrir yfirlesturinn ásamt Björgu fyrir sinn stuðning.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér Siðareglur Háskóla Íslands (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 12.05 _____ 20 21

Arnar Þór Hafsteinsson

1 Inngangur

Leikskóli er fyrsta skólastigið í námi barna, þrátt fyrir að hann sé ekki skylda sækja flest öll börn leikskóla nú til dags og dvelja í honum nú lengur en áður. Kennarar eru með börnum meirihluta vökutíma þeirra á meðan á vinnuvikunni stendur. Þessir tveir heimar leikskólalabarnsins, heima og í leikskólanum geta verið með sömu gildi, siði, venjur, áherslur og væntingar. Það er þó líklegra að barnið upplifi heimana tvo á ólíkan máta; hvort það sé heima eða í leikskólanum, það lærir á heiminn, hvernig reglurnar eru á hvorum stað fyrir sig. Kennarar eiga að sækjast eftir því að kynnast venjum barna heima fyrir ásamt því að kynna foreldrum hvernig skólustarfinu sé háttað (Aðalnámskrá, 2011). Foreldrar og kennarar þurfa að vinna saman með þau gildi sem þeim finnast mikilvæg til að brúa bilið milli leikskóla og heimilis fyrir barnið. Foreldrasamstarf er því gríðarlega mikilvægur hluti að leikskólustarfinu til þess að barninu gangi sem allra best í leikskólanum.

Seinustu misseri hef ég sjálfur verið að átta mig meira og meira á mikilvægi foreldrasamstarfs í vinnunni. Ég hafði unnið í leikskóla í nokkur ár áður en að bróðursonur minn fæddist inn í fjölskylduna. Fram að því hafði ég tekið á móti fjölmörgum nýjum börnum í leikskóla og mér fannst nokkuð auðvelt að taka vel á móti þeim og styðja við vellíðan þeirra þannig að þeim fyndist þau velkomin og væru spennt að mæta aftur næsta dag. Þá hugsaði ég ekki mikið um hlið foreldranna. Ég skildi illa hvað foreldrum þætti erfitt að sleppa takinu af börnunum sínum í leikskólann, þar til litli frændi minn hóf sína leikskólagöngu. Ég fann þá fyrir sama óöryggi og vantrausti og foreldrarnir hafa eflaust upplifað, litli frændi minn var að fara í hendur ókunnugrar manneskju, þrátt fyrir að ég vissi að sú manneskja væri að öllum líkindum mjög fær í sínu starfi og með mikla reynslu. Það er kennara að skapa sem bestar aðstæður og mögulegt er til þess að foreldrar finni fyrir virðingu, hlýju, væntumþykju, trausti og að gott samstarf á milli kennara og foreldra geti skapast og blómstrað, ekki bara svo börnunum líði vel að koma í leikskólann og séu spennt fyrir komandi degi heldur að foreldrarnir upplifi það líka. Foreldrasamstarf er nauðsynlegt til að ná því fram.

Rannsóknir sýna að gott foreldrasamstarf hafi jákvæð áhrif á flest alla þætti náms barna, hvort sem það er núna eða í framtíðinni þegar barnið sækir sér meiri menntun (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 212; Epstein og Sanders, 2006, bls. 87). Þess vegna ákvað ég að skoða samstarfið á milli foreldra og kennara, þar sem sérstaklega væri skoðuð hlið foreldra. Rannsóknarspurningin mín er því: *Hverjar eru væntingar foreldra til samstarfs við leikskólakennara og starfsmenn í leikskólum?*

Ég mun byrja á að skoða mikilvægi foreldrasamstarfs almennt ásamt því að skoða hliðar bæði kennara og foreldra þegar kemur að samstarfi, hvernig samstarfinu sé best háttað og hvað getur leitt til hindrana í að koma á góðu samstarfi bæði frá sjónarhóli kennara og

foreldra. Einnig kem ég til með að skoða foreldrasamstarfið frá sjónarhóli erlendra foreldra en sá hópur fer ört stækkandi innan leikskólanna.

2 Hvers vegna foreldrasamstarf?

Samvinna leikskólastarfsmanna og foreldra hefur verið þó nokkuð rannsökuð. Fræðimenn eru sammála um að aukið samstarf á milli hópanna skili sér í námi og vellíðan barna á öllum aldri og þá sérstaklega fyrir leikskólabörn, hvort sem þau eru að hefja skólagöngu sína, ljúka henni eða byrja í grunnskóla (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 212). Börn sem eiga foreldra og kennara sem eru í góðu samstarfi og samvinnu varðandi nám og þroska barnsins, eru líklegri til að ganga betur á flestum sviðum en öðrum börnum (Epstein og Sanders, 2006, bls. 87). Þegar lengra er litið á nám barna er greinilegt að gott samstarf hefur langvarandi áhrif á skólagöngu barna, eftir að þau hafa lokið leikskóla og jafnvel grunnskóla. Þau börn sem hafa alist upp við þátttöku foreldra þeirra í skólasamstarfi líta mun jákvæðara á nám, eiga minni hættu á að eiga í hegðunarvandamálum, mæta betur í tíma ásamt því að vera metnaðarfyllri við lærdóm og stunda meira nám almennt (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 212). Í þýskri grein Cohen og Anders (2019, bls. 129) kemur fram að þar sem gott samstarf heimilis og skóla hefur átt sér stað eru börn fremri jafnöldrum í lestri og lestrarskilningi þegar komið er í grunnskóla. Þau eru komin lengra í félags- og tilfinningaþroska, ásamt því að vera komin með meiri orðaforða við fjögurra ára aldur.

Ástæðan fyrir meiri velgengni þessara barna er líklega vegna margra þátta; þeir foreldrar sem láta sér nám barna sinna varða og eiga í jákvæðum samskiptum við kennara barnsins eru líklega færari foreldrar en aðrir. Alveg eins og þeir kennarar sem hafa meiri áhuga á foreldrasamstarfi eru líklega betri kennarar en þeir sem ekki gera það. Þó eru fræðimenn sammála um það að ástæðan sé ekki einungis vegna þess, heldur hefur það hvetjandi áhrif á bæði kennara og foreldra þegar aðilarnir er áhugasamir um vinnu hvors annars, við að styðja við nám og þroska barnsins. Þetta hefur keðjuverkandi áhrif á nám barnsins, þegar kennari finnur fyrir áhuga og væntingum foreldra hvetur það hann til að standa sig ennþá betur í allri vinnu með barnið og í sínu starfi almennt (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 679). Alveg eins og foreldrar sem minni áhuga hafa á starfi leikskólans og eiga í neikvæðum samskiptum við starfsfólk leikskólans, hefur það neikvæð andleg áhrif á kennarann sem skilar ekki sínu besta og byrjar mögulega að forðast mikilvægt samstarf við þessa ákveðnu foreldra.

Foreldrar finna einnig fyrir auknu öryggi í uppeldishlutverkinu með samstarfi. Þeir vita betur til hvers er ætlast af þeim sem foreldrum og hvar þeirra börn eru stödd í þroska og námi og eiga því auðveldara með að styðja við bakið á börnunum heima fyrir og hjálpa þeim að þroskast enn meira (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 679). Með auknu samstarfi styttest bilið á milli heimilis og skóla fyrir barnið, foreldrar og kennarar skiptast á upplýsingum og aðferðum til að hjálpa barninu í sínu námi. Því eru gildin lík sem

barnið lærir, hvort sem það er heima fyrir eða í leikskólanum og því verður minna mál fyrir barnið að fara á milli heimilis og skóla og því gengur betur í náminu (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 13). Að fá upplýsingar frá heimilinu eykur skilning kennara á aðstæðum barnanna heima fyrir og eiga þeir því auðveldara með að gefa foreldrum ráð varðandi nám þeirra og þroska.

3 Ólíkar tegundir foreldrasamstarfs

Tegundir foreldrasamstarfs geta verið fjölbreytilegar og mismunandi væntingar foreldra og kennara spila þar stórt hlutverk ásamt fjölmörgum öðrum þáttum. Það kemur fram í rannsóknum að fjöldi kennaramenntaðra starfsmanna og gæði foreldrasamstarfs helst í hendur, það er að segja því fleiri fagmenntaðir starfsmenn sem vinna í leikskólanum þeim mun líklegri er að gott samstarf ríki á milli kennara og foreldra (Cohen og Anders, 2019, bls 129). Leikskólakennarar eru líklegri til að reyna að mynda tengsl við foreldra og hvetja þá til að taka þátt í námi barnsins.

Þátttöku foreldra er hægt að skipta upp í þrjá megin flokka sem hver fyrir sig er mikilvægur liður í að foreldrasamstarfið gangi vel. Þessir flokkar eru: þátttaka foreldra í skólanum, þátttaka foreldra heima við og samskipti milli foreldra og kennara (Harpaz og Grinshtain, 2020, bls. 1399). Þátttaka foreldra í skólanum er til að mynda að mæta á uppákomur innan skólans eins og t.d. foreldravöld eða opin hús, eins getur það verið að koma með ábendingar til skólans hvað betur mætti fara. Þátttaka foreldra heima við felur í sér að vita hvað barnið er að fást við í sínu námi og sýna stuðning heima fyrir og bæta ofan á það nám, þetta getur verið að hlusta á þau lög sem barnið er að æfa í skólanum eða jafnvel heimanám þegar lengra í menntagöngu barnsins er komið. Síðast eru það samskipti milli kennara og foreldra en eins og áður hefur komið fram eru þau mjög mikilvæg og í raun halda þau flokkunum saman.

Jóhanna Einarsdóttir (2010, bls. 13) fjallaði um í sínum rannsóknum hvernig Epstein (2006) skipti foreldrasamstarfinu upp í sex flokka en þeir eru:

1. Uppeldi, þar sem foreldrum eru kenndar aðferðir og ráð til að vinna með börnunum sínum.
2. Samskipti á milli skóla og foreldra, t.d. vikupóstar eða daglegt spjall.
3. Sjálfbóðaliðar, þar sem foreldrum er gefið tækifæri á að taka þátt í starfinu og setja sinn lit á það.
4. Heimanám.

5. Ákvarðanir, foreldrar fá að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru sem hafa áhrif á börnin þeirra.
6. Samfélagið, tengsl skólans við samfélagið og aðferðir við að styrkja það

(Epstein, 2006; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 13).

Þessir flokkar Epsteins (2006) eiga vel við leikskólastarfið fyrir utan flokkinn um heimanámið, en samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) eiga starfsmenn leikskólans að virða sjónarmið foreldra og leggja grunninn að góðu samstarfi þar sem foreldrar fá að leggja sitt til málanna.

Rannsóknir hafa sýnt að það geti verið erfitt fyrir kennara að mynda samstarf sem byggir á jafnræði kennara og foreldra þar sem unnið er í sameiningu að markmiðum. Epstein og Sanders (2006, bls. 82) vilja meina að ennþá séu kennarar í raun menntaðir til þess að líta á sjálfa sig sem leiðtoga skólastarfsins og lítið sé hugað að hvernig eigi að byggja upp sterka teymisvinnu bæði við aðra kennara og foreldra. Þetta kemur einnig fram í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur og Örnú H. Jónsdóttur (2017) þar sem þær skoðuðu áherslur og valdatengsl í samstarfi starfsfólks og foreldra í leikskólum, en þær komust að því að kennarar litu oft á sjálfa sig sem sérfræðinga á sínu sviði sem stjórna námskrá skólans, daglegu skipulagi og hvað fer fram í leikskólanum. Kennararnir bjuggust við því að foreldrar og börn aðlöguðu sig að því hvernig starfinu sé háttað og virtust líta á margt í starfi skólans sem óbreytanlegu þrátt fyrir ábendingar og spurningar foreldra. Því er hægt að áætla að kennarar líti oft á sjálfa sig hærra setta en foreldrana, ef hægt er að orða það þannig, í tilvonandi samstarfi foreldra og kennara í stað þess að samstarfið sé byggt upp á grunni þar sem báðir aðilar koma jafnt að borði. Þessi tegund af samstarfi gerir það að verkum að foreldrar upplifi sig hafa lítið til málanna að leggja þegar kemur að starfi leikskólans ásamt því að eiga að mæta á viðburði, eins og foreldrafundi, án þess að hafa nein áhrif á hvað gerist á þeim (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 213).

Almennar upplýsingar sem foreldrar fá frá kennurum daglega breytast með aldri barnsins. Því eldra sem barnið er, þeim mun minna fá foreldrar af daglegum upplýsingum frá kennurum um barnið (Li og Fischer, 2017, bls. 359). Þeir kennarar sem vinna með börnum á aldrinum 1-3 ára eru líklegri til þess að leita sérstaklega í dagleg samskipti við foreldra en þeir kennarar sem vinna með 3 – 6 ára börnum (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 683). Möguleg ástæða fyrir þessu er sú að foreldrar þurfa frekar að vita hvernig barnið svaf og borðaði yfir daginn þegar þau eru yngri, ásamt því að með þroska barnsins getur það sjálft tjáð sig um hvað gerðist á leikskólanum þann daginn.

Leikskólakennarar greindu frá því hversu oft þeir ræddu eftirfarandi viðfangsefni við foreldra: 49,1% kennara ræddu um líðan barnsins, 41,7% kennara nefndu almenna umræðu um starf leikskólans, 41,1% kennara ræddu nám og þroska barnsins og 23,9% kennara ræddu hegðun

barnsins (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 684). Kennarar þurfa þó að gæta sín á að falla ekki í þá gryfju að tala einungis um neikvæða hegðun barns, það getur haft neikvæð áhrif á samstarfið og þar af leiðandi nám barnsins. Oft eiga samtöl sér stað á milli kennara og foreldra vegna þess að áhyggjur eru varðandi barnið (Cohen og Anders, 2019, bls 138), því er mikilvægt að hafa byggt upp traust við foreldra áður.

4 Hvernig skal skapa gott samstarf foreldra og kennara?

Lykilatriði í að gott og árangursríkt samstarf myndist milli skóla og foreldra er að traust og virðing sé á milli hópanna tveggja (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 6). Traust myndast með tíma og vinnu og til að markmiðið náist þurfa báðir hópar að leggja hönd á plóg. Það sem skapar traust eru fjölbreytt og persónuleg samskipti dag frá degi. Gott samband kennara og foreldra myndast seint einungis í gegnum foreldrafundi eða tölvupóstsamskipti, stuttu spjöllin um líðan og hvernig barninu gengur bæði í skólanum og heima skipta sköpum. Samskiptin þarna á milli þurfa að einkennast af bæði hlýju og væntumþykju en einnig sameiginlegum væntingum þeirra til hvers er ætlast af barninu, hverju það hafi náð tókum á í sínum þroska og í hverju þarf að vinna með barninu (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 213). Foreldrar þurfa líka að fá að vita hvert þeirra hlutverk er og til hvers er ætlast af þeim (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 6).

Það getur verið foreldrum framandi að byrja með barn í leikskóla og langt því frá sjálfsgætur hlutur að foreldrar viti sitt hlutverk innan leikskólans. Starfsmenn skólans og þá sérstaklega deildarstjóri barnsins eiga að sjá til þess að foreldrar séu upplýstir um þær kröfur sem eru gerðar til þeirra. Skólinn á einnig að skapa tíma og tækifæri til þess að samstarfið geti blómstrað ásamt því að eiga frumkvæði á að búa það til (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Í raun er það eitt stærsta skrefið hjá starfsmönnum skólans að átta sig á mikilvægi samstarfsins og vinna í því að eiga frumkvæði af samtölum við foreldrana svo hið margumtalaða traust myndist (Knopf og Swick, 2007, bls. 292). Rannsóknir sýna fram á að þegar foreldrar treysta starfsmönnum leikskólans hefur það mikil áhrif á viðhorf þeirra til gæði námsins sem barnið hlýtur í leikskólanum, þrátt fyrir að námið sjálft breytist ekki heldur einungis viðhorf foreldrana til kennaranna (Knopf og Swick, 2007 bls. 292). Knopf og Swick (2007) telja það líka mikilvægt að hefja fyrstu samskipti við foreldra á góðum nótum, ef að samskipti hefjast á neikvæðum málum er líklegt að foreldrar myndi neikvæða sýn á kennarana og skólastarfið og erfiðara verður að byggja upp traust við þá foreldra.

Samstarf kennara við foreldra er þó alltaf að breytast og þá sérstaklega núna síðustu ár. Kennarar eru mun oftar með börn frá öðrum menningarheimum og foreldra sem mögulega

tala hvorki íslensku né ensku. Kennarar þurfa að þróa starf sitt í takt við tímann og þurfa að líta á foreldraþátttöku öðruvísi en áður (Souto-Manning og Swick, 2006, bls. 190). Kennarar þurfa í auknum mæli að kynna sér mismunandi menningu og mæta ólíkum þörfum fólks til að samstarf geti myndast (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 79). Kennarar þurfa meðal annars að vera lausnamiðaðir, sýna virðingu og skilning á mismunandi trúarbrögðum og siðum (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 6), en að sama skapi þurfa kennarar að setja ákveðin mörk sem foreldrar verða að virða, enda þurfa þeir að fylgja íslenskum lögum og reglum. Það er því greinilegt að gott samstarf heimilis og skóla er vinna sem þarf að vinna markvisst að, þar sem báðir aðilar þurfa að koma að verki þrátt fyrir að skólinn sé í lykilhlutverki að skapa aðstæður þar sem samstarf getur myndast.

5 Hlutverk leikskólakennara í foreldrasamstarfi

Það er greinilegt í starfslýsingu leikskólakennara að foreldrasamstarf er mikilvægt. Þar kemur fram að deildarstjórar bera höfuðábyrgð á samstarfi skóla og heimila þótt það falli einnig öðrum kennurum og starfsmönnum deildarinnar í skaut að rækta það samband. Í lýsingunni segir að starfsmennirnir beri ábyrgð á því að foreldrar fái allar þær upplýsingar um barnið sem hægt er, hvort sem það er hvað barnið gerði þann daginn, yfir í samtal um líðan og þroska barnsins (Félag leikskólakennara, 2021). Í aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að eitt af hlutverkum kennara er, að strax frá upphafi sé tekið vel á móti foreldrum svo þeim finnist þeir velkomnir, þeir þurfa að finna fyrir því að þeir sjálfir og þeirra hugmyndir séu metnar mikils og að þau séu í lykilhlutverki til að barninu gangi vel í náminu. Jafnframt kemur greinilega fram í aðalnámskránni mikilvægi þess að samstarfið sé byggt upp á jafnræði, en þar segir orðrétt:

„Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 33).

Þegar samstarfið er byggt á jafnræði kennara og foreldra myndast betri umræðuvettvangur, þar sem upplýsingar um aðstæður barnsins bæði heima fyrir og í leikskólanum flæða betur á milli hópanna tveggja og auðveldara verður að leysa erfið mál. Kennarinn þarf ekki einungis að skapa aðstæður sem eru vænlegar fyrir samstarf að blómstra heldur þarf hann einnig að bera virðingu fyrir öllum þeim foreldrum sem eiga í hlut, sérstaklega nú þegar aldrei hefur verið eins mikill fjöldi barna af erlendum uppruna og menningu. Það er því skilyrði að

leikskólakennarar tryggja virðingu fyrir fjölbreytileikanum og sýni ólíkum menningarheimum, fjölskyldum, gildum, viðhorfum og venjum virðingu og skapi aðstæður innan leikskólans sem vænlegar eru til að þess að fólk með fjölbreyttan bakgrunn fái tækifæri til þess að koma sínum hugmyndum á framfæri (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 213).

6 Sýn leikskólakennara á foreldrasamstarf

Rannsóknir sýna að leikskólakennurum finnst þeir eigi að geta leiðbeint foreldrum með sinni menntunarfræðilegu þekkingu og reynslu í starfi. Foreldrar þurfi gjarnan stuðning og fagleg ráð þegar kemur að uppeldi barna sinna og þá sérstaklega í að setja börnunum sínum mörk, hvað er leyfilegt, hvað ekki og hve langt börnin mega ganga. Foreldrar þurfa sömuleiðis ráðleggingar með venjuleg vandamál sem koma upp á mismunandi þroskaskeiðum barna og leiðir til að bregðast rétt við þeim (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 82). Það lítur þó út fyrir að foreldrar séu í meira mæli nú en áður að sækja sér hjálp til leikskólakennara. Í grein Jónínu Sæmundsdóttur og Sólveigu Karvelsdóttur (2008) kemur fram að af þeim 130 leikskólakennurum sem spurðir voru hvort foreldrar sæktu meira í ráðgjöf nú en á síðustu árum, svöruðu 58,5% að svo væri, 29,6% svöruðu neitandi en 10,8% gátu ekki sagt til um það vegna þess hve stutt þeir hafa verið í sínu starfi. Þeir sem leita sér aðstoðar eru aðallega yngri foreldrar með sitt fyrsta barn í leikskóla, segja kennarar í þessari sömu rannsókn. Þrátt fyrir mögulega aukningu á fyrirspurnum varðandi nám og þroska barna til kennara, svara um 33% kennara að foreldrar sækja sjaldan eða aldrei aðstoð til þeirra.

Ástæða fyrir þessari aukningu er mögulega vitundarvakning í samfélaginu í garð leikskóla og mikilvægi þeirra í samfélaginu. Heil 90,7% kennara töldu foreldra bera meiri virðingu nú en áður fyrir þeirra starfi og sérþekkingu og önnur 93,8% fannst foreldrarnir gera meiri væntingar til kennaranna en þeir höfðu áður gert. Þrátt fyrir þessar niðurstöður áætla einungis 55,4% kennaranna að foreldrunum finnst kennarar vera sérfræðingar í uppeldis- og menntunarfræðum samanborið við að 86,4% kennara finnast þeir vera það. Starfsreynsla hefur greinilega áhrif á viðhorf kennaranna en þeir kennarar sem hafa lengri reynslu en 10 ár líta mikið frekar á sig sem sérfræðinga en þeir kennarar sem styttra hafa unnið. Á þessum tveimur hópum; kennurum sem hafa unnið í meira en tíu ár og þeim sem hafa unnið skemur en 10 ár, var marktækur munur á hve oft þeir kennarar áttu frumkvæðið af því að eiga í faglegum samskiptum við foreldrana varðandi barnið þeirra. Reynslumeiri kennurum fannst þeir eiga 80,6% frumkvæðið af því að ræða við foreldra varðandi uppeldi barnsins á meðan einungis 52,4% reynsluminni kennara áttu frumkvæðið (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 85).

Það sem er sérstaklega áhugavert við þessar niðurstöður er að þeir kennarar sem höfðu

unnið í meira en 10 ár voru nánast allir útskrifaðir kennarar frá Fóstruskólanum eða 95,5% þeirra. Aftur á móti voru þeir sem höfðu ekki náð 10 ára starfsreynslu flestir útskrifaðir með B.Ed. frá Háskóla Íslands (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 85). Því er ekki hægt að segja hvort öryggið í sínu starfi til að eiga frumkvæðið af ráðleggingum til foreldra barna sé vegna starfsreynslunnar eða hvort mögulegt sé að kennarar útskrifaðir frá Fóstruskólanum séu betur undirbúnir fyrir foreldrasamstarf heldur en þeir kennarar sem útskrifast með B.Ed. gráðu frá Háskóla Íslands. Þeir kennarar sem hafa meiri reynslu eiga ekki einungis oftast frumkvæðið að samtölum heldur virðast foreldrar leita frekar til þeirra eftir aðstoð.

Kennararnir voru sammála um að mikill munur er á foreldrum hvort þeir gefi kost á sér til samtala eða ekki, þeir vilja meina að iðulega eru þetta sömu foreldrarnir sem eru mjög áhugasamir, spyrja og ræða um barnið sitt á meðan aðrir foreldrar virðast hafa lítinn áhuga á því (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2009, bls. 672). Möguleg útskýring á þessu er tímaskortur foreldra en 83,1% kennaranna töldu foreldra hafa minni tíma núna heldur en þeir gerðu á árum áður (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 84). Meirihluti kennaranna skynjuðu að margir foreldrar þekktu illa eða ekki starfið sem fram fór inn á deild barnsins þeirra. Þau væru illa að sér þrátt fyrir allar þær upplýsingar sem kennarar veita þeim í gegnum tölvupóst, heimasíðu skólans eða með öðrum leiðum. Einn kennarinn gengur svo langt að finnast ennþá „ótrúlega margir sem líta á leikskólann sem geymslustað“ (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2009, bls. 675). Aðrar rannsóknir sýna þó fram á að þessar skoðanir eiga ekki fullan rétt á sér, en þar kemur fram að flest öllum þykir velgengni barnsins síns í skólanum mjög mikilvæg og hafa skoðanir á gangi mála en eru misvel í stakk búin til þess að deila skoðunum sínum og er þá tímaleysi, menningarmunur og munur á persónuleika fólks líklegasta skýringin á því (Knopf og Swick, 2007).

7 Breyttar aðstæður fjölskyldna og skólasamfélags

Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað í samfélaginu öllu síðustu ár vegna mikillar tækniþróunar og minnkandi heims, ef svo er hægt að segja. Konur sem í gegnum tíðina hafa séð meira um barnauppleidið sækja sér nú oftast menntun en áður og eru mun meira úti á vinnumarkaðnum en hefur verið. Feður eru byrjaðir að taka meiri þátt í fjölskyldulífinu og viss vitundarvakning hefur átt sér stað um mikilvægi fyrstu ára barna. Þetta hefur haft mikil áhrif á aðstæður fjölskyldna. Uppeldi er ekki lengur sjálfgefin skynsemi eins og áður var talið heldur byggist það á tækni og leiðum sem foreldrar þurfa að læra og tileinka sér (Birna M. Svabjörnsdóttir, 2007, bls. 103). Stórfjölskyldan er nú dreifðari og í meiri tímapröng og því erfiðara að sækja aðstoð til hennar, hvort sem það er þösson eða í reynslumeiri foreldra.

Þessi mikli tímaskortur sem foreldrar finna fyrir nú í dag kemur án vafa niður á samstarfi við skóla barnanna og því á velgengni barnsins almennt. Kennarar vilja oft meina að margir foreldrar sýni lítinn áhuga á þeirra starfi og námi barna sinna en rannsóknir sýna að flest allir foreldrar hafa mikinn áhuga á námi barnanna en hafa því miður ekki tíma til að taka þátt í starfinu og mæta á skipulagðar uppákomur (Knopf og Swick, 2007 bls. 293).

Viðvera barna í leikskóla árin 2015 - 2019										
Tími	1999		2016		2017		2018		2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
4 klst.	3679	24,9%	148	0,8%	172	0,9%	109	0,6%	110	0,6%
5 klst.	1925	13,0%	171	0,9%	151	0,8%	146	0,8%	101	0,5%
6 klst.	2016	13,7%	624	3,3%	576	3,0%	499	2,7%	461	2,5%
7 klst.	623	4,2%	1472	7,7%	1379	7,3%	1384	7,4%	1397	7,5%
8 klst.	3087	20,9%	10436	54,7%	10451	55,0%	10789	57,6%	11850	63,2%
9+ klst.	3431	23,2%	6239	32,7%	6284	33,1%	5813	31,0%	4823	25,7%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Á þessari töflu er hægt að sjá þróun viðveru barna í leikskólum síðustu fjögur ár en vert er að benda á að það er um 0,5% aukning á milli ára á fjölda þeirra barna sem dvelja lengur en 8 klukkustundir á dag. Ef litið er lengra aftur í tímann til ársins 1999 má sjá mikinn mun, en aðeins 44,2% barna var lengur en 8 klukkutíma í leikskólanum miðað við 89% barna árið 2019 (Hagstofa Íslands, 2021a). Þetta verður að teljast neikvæð þróun og þá sérstaklega í sambandi við foreldrasamvinnu og samtöl. Árið 2019 fækkar börnum til muna sem dvelja lengur en 9 klukkutíma í leikskólanum en flest börn eru nú sótt eftir 8 klukkustundir eða 63,2% barna. Ástæðan fyrir þessari breytingu mun líklega vera sú að mörg sveitarfélög stytta opnun leikskóla sem eru nú ekki opnir eftir klukkan 16:30. Þetta hefur þær afleiðingar að meginþorri foreldra kemur á sama tíma að sækja börnin sín og því fær hvert foreldri minni tíma með kennara barnsins síns og færri tækifæri gefast til samskipta á milli foreldra og önnur kafinna kennara. Ofan á þetta bætist stytting vinnuvikunnar en flestir leikskólar hafa tekið á það ráð að kennarar mæta annað hvort seinna til vinnu eða fara fyrr úr vinnu. Það segir sig sjálfst að samtal milli kennara og foreldra getur ekki átt sér stað ef kennarinn er ekki til staðar.

Leikskólakennarar finna einnig fyrir breytingum, þeir tala um meiri væntingar frá foreldrum og samfélaginu í heild. Starfið er orðið mun faglegra og fer mikill tími í það. Einnig hefur aldrei verið eins mikill fjöldi af börnum frá öðrum löndum en Íslandi, þ.e. með annað móðurmál en íslensku, en þau voru 2.713 árið 2019, miðað við aðeins 676 um síðustu aldamót (Hagstofa Íslands, 2021b). Sú þróun gerir það að verkum að starfsmenn þurfa nú að finna leiðir til að vinna í nánun samstarfi við foreldra frá margskonar menningarheimum þar sem önnur gildi og viðmið ráða ríkjum.

Starfsmannavelta leikskóla er þáttur sem kennarar upplifa neikvæða, en síðustu ár hafa um

26% af þeim starfsmönnum sem eru við störf í desember verið hættir störfum í desember ári seinna (Hagstofa Íslands, 2021c). Því er hægt að áætla að á meðal deild með fjórum kennurum mun einn af þeim hætta að meðaltali á ári, og foreldrar og börn þeirra þurfa að kynnast nýjum starfsmanni og byggja upp traust við hann, ásamt því að aðrir kennarar þurfa að leggja tíma og vinnu í að kenna nýja starfsmanninum starfshætti leikskólakennara. Vert er að taka eftir því að þetta eru þeir starfsmenn sem vinna í desember, svo í þessum tölum eru ekki allir þeir sumarstarfsmenn sem vinna í nokkra mánuði og allir þeir sem byrja að hausti og hætta fljótlega.

Aukin starfsmannavelta getur haft neikvæð áhrif á leikskólastarfið, ekki síður en samstarf við foreldra. Foreldrar hafa talað um að erfitt sé að kynnast nýjum starfsmönnum oft og byggja aftur upp traust til þeirra (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2009, bls. 674). Tímaleysi kennara gerir það sömuleiðis að verkum að þeir hafa minni tíma til að gera nám barna einstaklingsbundnara og því verður unnið meira í stöðu barnahópsins í heild í stað einstakra barna. Því getur það reynst erfiðara að eiga í samskiptum við foreldrana um einstök börn og hvað kennarar séu að gera til að vinna í þeirra námi (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2009, bls. 674).

7.1 Foreldrar af erlendum uppruna

Leikskólakennarar fást í auknu mæli við breyttan veruleika vegna fjölgunar fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Í rannsókn Önnu Lilju Sævarsdóttur, Önnu Elísu Hreiðarsdóttur og Hermínu Gunnþórsdóttur (2013) þar sem 119 deildarstjórar voru spurðir almennt um vinnu með erlendum foreldrum kom fram að 95% deildarstjóranna hafa tekið á móti barni sem eiga erlenda foreldra í sinn leikskóla. Það kom einnig fram að 71% deildarstjóranna hafa unnið með erlendum foreldrum þar sem engin sameiginleg tungumálakunnátta var til staðar, en 20% deildarstjóranna greindu frá því að hafa lent í þeim aðstæðum oft en fimm sinnum.

Það getur verið sérstaklega erfitt fyrir erlenda foreldra að byrja með börn í leikskóla þar sem þau þekkja ekki hvers er ætlast til af þeim. Sumir foreldrar þekkja ekki tungumálið, viðmið og gildi, eða í raun hvað gerist innan veggja leikskóla. Margir þessara foreldra þekkja lítið til íslensks skólakerfis og sumir þeirra hafa sjálfir litla sem enga menntun (Hanna Halldóra Leifsdóttir, 2014, bls. 26). Því er sérstaklega mikilvægt að kennarar taki vel á móti erlendum foreldrum og sýni frumkvæði til að hefja samvinnu (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 6). Þrátt fyrir það upplifðu erlendir foreldrar í rannsókn Hönnu Halldóru Leifsdóttur (2014) að þeir hafi sjálfir þurft að eiga frumkvæðið að samtali við starfsfólk leikskóla, til dæmis voru upplýsingar um leikskólann á heimasíðu skólanna ásamt vikulegum tölvupóstum einungis á íslensku nema í einum

leikskólanum.

Erlendir foreldrar líta margir hverjir á litla íslenskukunnáttu sem hindrun þegar kemur að samvinnu og samtölum við starfsmenn leikskólanna (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 5). Vegna lítils skilnings á íslensku eru erlendir foreldrar líklegri til þess að sleppa því að sækja foreldrafundi eða aðra formlega viðburði innan skólans (Hanna Halldóra Leifsdóttir, 2014 bls. 55). Viðhorf erlendra foreldra til íslenskrar leikskólamenningar getur verið frábrugðin viðhorfi kennara, sumum erlendum foreldrum hefur þótt ríkja agaleysi innan leikskólans og að börnin þurfi meira hefðbundið nám en ekki nám í gegnum leik (Hanna Halldóra Leifsdóttir, 2014, bls. 42).

Til þess að gott samstarf við erlenda foreldra geti blómstrað þurfa foreldrarnir að finna fyrir því að þeirra menning, trú og bakgrunnur skipti kennarana máli (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 5). Leikskólar þurfa að vera sveigjanlegir og sýna foreldrum skilning, t.d. ef barn má ekki borða svínakjöt vegna trúarlegra ástæðna. Það er því margt sem kennarar þurfa að huga að þegar kemur að samvinnu við erlenda foreldra. Það ætti að vera tekið persónulega á móti hverju barni inn í leikskólastarfið og þyrftu kennarar að kynna sér menningu þess lands sem barnið kemur frá, ásamt því að hlúa sérstaklega að foreldrum og börnum sem lítið vita um íslenskt leikskólastarf.

8 Sýn foreldra á skólasamstarf

Foreldrar eru alltaf þeir sem eru í lykilhlutverki við að ala upp barnið sitt, kennarar koma þar á eftir og er það mjög mikilvægt fyrir foreldra að gott samstarf sé þarna á milli. Að mestu leyti eru foreldrar ánægðir með hve oft samtöl eiga sér stað við leikskólastarfsmenn og gæði þeirra. Þó kemur það einnig fram í rannsóknnum að bæði foreldrar og kennarar eru ekki nægilega sáttir með þær skuldbindingar sem hinn hópurinn á að standa skil á (Cohen og Anders, 2019, bls 128), er þá verið að meina minniháttar hluti eins og að kennarinn gleymi að senda fréttabréf eða foreldrar sleppi að merkja föt barnsins. Jóhanna Einarsdóttir (2010) komst að sömu niðurstöðu og bendir á að flestir foreldrar eru ánægðir með samstarfið en þá vantar almennar upplýsingar dag frá degi. Foreldrar eru vissir um að gott og mikið starf sé í gangi í leikskólanum en vantar að vera meira með á nótunum hvað barnið þeirra er að gera dagsdaglega til að geta átt í betri samræðum við barnið sitt þegar komið er heim og geta ýtt undir áframhaldandi nám með samtölum um það sem barnið hafi verið að fást við yfir daginn. Foreldrar eru einnig sammála um mikilvægi fagmenntaðra starfsmanna, það er foreldrarnir virðast treysta þeim betur og meta fagmennsku þeirra (Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2017, bls 182), ásamt því að leita mun meira til þeirra um ráðleggingar varðandi uppeldi barnsins (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 85).

Í bandarískri grein kemur fram að sumum foreldrum finnst það vera þeirra skylda að vera sýnilegir í starfi leikskólans og hafa skoðanir á hvernig hlutir eru framkvæmdir þar. Aðrir foreldrar töldu sig alls ekki eiga vera eins sýnilega og fannst það vanvirðing gagnvart kennurum skólans og það liti út fyrir að foreldrarnir bæru ekki traust til kennaranna og því sem þeir gerðu (Knopf og Swick, 2007 bls. 292). Í grein Jóhönnu Einarsdóttur (2010) er greinilegt að íslenskum foreldrum finnst fráleitt að ætla að vera skipta sér af ákvarðanatöku innan leikskólans enda sé það vinna leikskólakennaranna sem eru fagfólk í sínu starfi. Foreldrar virðast vera sáttir með fjölda formlegra funda með kennurum eða deildarstjóra barnsins og vilja ekki að þeim fundum fjölgi eða öðrum upptökum innan leikskólans vegna tímaskorts (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Því má gera ráð fyrir að foreldrar geti haft ólíka sýn á aðkomu sína og þátttöku í starfi leikskóla.

8.1 Væntingar foreldra til samstarfs

Rannsóknir hafa sýnt að væntingar foreldra til samvinnu eru misjafnar en þó eru ákveðnir meginþræðir sem foreldrar viðrast vera sammála um. Foreldrar vilja upplifa bæði sig og barnið sitt velkomið í leikskólann. Það geti hjálpað mikið til þegar kennarar taka á móti þeim með bros á vör, heilsa barninu og foreldrunum með nafni og sýna ánægju sína með að barnið sé mætt í leikskólann (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 22). Slíkar móttökur geta aukið öryggi og traust hjá foreldrum í garð leikskólans og þeir eiga þá auðveldara með að kveðja barnið. Foreldrar vilja einnig finna fyrir því að börnin þeirra eru mikils metin og fá að vera þau sjálf. Auk þess vilja þeir að hlustað sé á þá sem foreldra barnsins og fá tækifæri til þess að koma að stórum ákvörðunum varðandi barnið sitt (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 213).

Í samstarfi við kennara er greinilegt að mikilvægasti þátturinn fyrir foreldra eru daglegar upplýsingar sem þeir fá frá kennurum, þó að formlegir viðburðir svo sem foreldrafundir eða opið hús séu líka mikilvægir (Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2017, bls 181). Foreldrar vilja eiga möguleika á samtali við kennara barnsins og meta þessar stuttu óformlegu samræður mikils. Foreldrum finnst mikilvægt að vita hvað barnið þeirra hafi verið að gera fyrr um daginn, hvernig því hafi gengið, hvernig það borðaði eða hvort eitthvað hafi komið upp á. Þessar upplýsingar er nánast ómögulegt að fá nema í gegnum samræður við þá starfsmenn sem hafa eytt megnið af deginum með viðkomandi barni. Foreldrar vilja einnig hafa tækifæri til að ræða við kennara í ró og næði þar sem aðrir foreldrar eða börn heyra ekki til. Þeir vilja geta rætt við kennara um þau vandamál sem upp koma og fengið aðstoð við að leysa þau í sameiningu með kennara þar sem þeirra hugmyndir og gildi eru virt (Knopf og Swick, 2007 bls. 293).

Í rannsókn Birnu M. Svanbjarnardóttur (2007) kom fram að meirihluta foreldra barna á aldrinum 4 ára – 12 ára vilja fá ráðgjöf kennara við uppeldi barna sinna eða tæplega 70%

foreldra. Foreldrar vilja fá þessa ráðgjöf sama hvort það var með námskeiðum, fyrirlestrum eða í persónulegum samtölum þó að þeir kjósi fyrirlestra helst. Þrátt fyrir þessa háu prósentu eru ennþá fleiri foreldrar eða 92% sem telja sig vel eða mjög vel undirbúna til þess að ala upp barnið sitt. Því er áhugavert að velta fyrir sér ástæðunni fyrir því að tæp 70% foreldra vilja stuðning samt sem áður; hvort það sé mögulegt að foreldrar eigi erfitt með að viðurkenna ef verr gengur með uppeldi barna þeirra en þeir vildu eða þá að þeir líta á verkefnið stórum augum og vilja ávallt reyna læra fleiri aðferðir til að bæta hag barnsins. Í rannsókn Birnu kemur fram að þeir foreldrar sem eiga börn sem líður sæmilega eða illa í skólanum eru mun líklegri til að sækjast eftir aðstoð kennara en foreldrar þeirra barna sem líður betur í skólanum. Þegar að foreldrar sækjast eftir aðstoð kennara er það vanalega varðandi hvernig hægt sé að byggja upp sjálfstraust barna eða í 47% tilvika, þar á eftir hvernig bregðast skal við einelti, fræðast um námstækni, efla tilfinningaþroska og styrkja samskiptahæfni. Það sem kemur á óvart í hennar rannsókn er það að lítill sem enginn munur er á aldri eða menntun foreldra hvort þeir leiti sér aðstoðar hjá kennurum eða ekki, en kennarar vilja meina að yngri foreldrar geri það meira en aðrir (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 82).

9 Hindranir í samskiptum og samstarfi

9.1 Hlið kennara á hindrunum í samstarfi

Fagmenntuðu starfsfólki í leikskólum, hvort sem það er í leikskólakennarafræði eða annarri uppeldismenntun á framhalds- eða háskólastigi, hefur því miður fækkað síðustu ár. Í lok 2018 var fagmenntað starfsfólk í minnihluta en 53% þeirra sem starfa á leikskólum hafa enga menntun í uppeldisfræðum. Þeir starfsmenn sem geta kallað sig leikskólakennara eða með hærri menntun eru í enn meiri minnihluta en þeir eru einungis 28% starfsmanna (Hagstofa Íslands, 2021d). Það hefur þó komið sterklega fram að því fleira fagfólk sem vinnur við leikskóla því betra er samband skólans við foreldra (Cohen og Anders, 2019, bls 129). Á sama tíma og þessi fækkun fagmenntaðra á sér stað fjölgar börnum með erlendan uppruna og enn er mikil starfsmannavelta ásamt því að stytting vinnuvikunnar gerir það að verkum að færri kennarar eru til taks þegar börnin eru sótt og mögulega aðrir kennarar en þeir sem hafa eytt hve mestum tíma með barninu. Allir þessir þættir gera kennurum starfið erfiðara fyrir og minni tími gefst til að byggja upp traust við foreldra, skiptast á upplýsingum og ræða í sameiningu nám og vellíðan barnsins.

Kennarar upplifa foreldra oft áhugalaus á garð leikskólastarfsins en í rannsókn Bryndísar Garðarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2007) kemur fram að kennarar telja ástæðu lélegs foreldrasamstarfs vera vegna tímaleysi foreldra en 59,3% svöruðu því, ásamt því að 50,9%

töldu áhugaleysi foreldrana vera hluta af vandamálinu. Það kemur á óvart að aðeins 7% kennara svöruðu því að tungumálaerfiðleikar væri fyrirstaða en erlendir foreldrar eru því ekki sammála, þeim finnst þeir oft á tíðum missa af upplýsingum um þeirra barn vegna þeirra (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 5). Kennarar nefna oftast eða í 37,4% tilvika að lokaðir eða áhugalausir foreldrar séu ástæða slakrar samvinnu og 28,5% telja ástæðuna vera að kennararnir sjálfir eiga erfitt með að ræða erfið mál við foreldra.

Bandarískir kennaranemar sem eru að sækja sér nám í kennslu- og menntunarfræði greina frá því að um 60% þeirra hafa einungis sótt eina kennslustund þar sem kennt var um mikilvægi foreldrasamstarfs og leiðir til að styrkja það samstarf. Í sömu rannsókn kemur fram að 76% nemendanna telja að heilt námskeið ætti að vera kennt um viðfangsefnið (Epstein og Sanders, 2006, bls. 87). Sama er upp á teningnum ef skoðað er nám verðandi leikskólakennara á Íslandi. Í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands er einn liður í einu námskeiði sem snýr sérstaklega að samstarfi við foreldra, þó að í gegnum námið sé talað um mikilvægi samstarfs við foreldra, en ekki eru kenndar leiðir til að ná þeim markmiðum. Í Háskólanum á Akureyri er þó eitt sex eininga námskeið sem heitir Leikskólinn og foreldrar, en í námskeiðslýsingunni stendur að kynntar verði rannsóknir og fjölbreyttar leiðir til samstarfs. Því er hægt að ætla sem svo að ekki allir nýútskrifaðir leikskólakennarar hafi fengið mikla menntun í hvernig skal koma á góðu samstarfi við foreldra og mikilvægi þess.

9.2 Hlið foreldra á hindrunum í samstarfi

Það mikilvægasta fyrir foreldra er að upplifa traust til kennara og að finnast vel tekið á móti bæði barninu og foreldrunum sjálfum í byrjun dags. Því er mjög mikilvægt að strax í upphafi sé tekið vel á móti foreldrum því þeir sem finna ekki fyrir trausti í garð starfsmanna deildarinnar eru líklegri til að finnast námið lakara en öðrum foreldrum og eru líklegri til þess að skipta um skóla (Knopf og Swick, 2007 bls. 292). Það hefur greinilega komið í ljós að aðalatriði foreldra eru óformlegu daglegu samtölin um hvernig barninu gekk þann daginn. Foreldrar vilja frekar eiga í þessum samskiptum þegar að þau sækja börnin sín úr leikskólanum heldur en um morguninn. Ástæðan fyrir því er líklegast sú að þá er hægt að ræða liðinn dag og þeir þurfa ekki að drífa sig í sína vinnu. Kennarar aftur á móti kjósa frekar að eiga í þessum samskiptum á morgnana þar sem þeir hafa meiri tíma þá og eru ekki að drífa sig úr sinni vinnu seinnipartinn (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 13). Aðrar hindranir sem foreldrar finna fyrir eru þær að fá tækifæri gefast til þess að tala í einrúmi við kennarana. Samtöl á milli kennara og foreldra fara að langmestu leyti fram inn á deild eða í fataklefa barnsins, þar sem aðrir foreldrar, starfsfólk, barnið sem um ræðir og önnur börn eru og því lítið næði til þess að ræða í trúnaði um persónuleg málefni (Jóhanna Einarsdóttir,

2010, bls. 14).

Foreldrum finnst samskiptin, þegar þau eiga sér stað, almennt góð en vilja þó eins og áður hefur komið fram, meiri almennar upplýsingar hvað barnið gerði þann daginn. Algengustu samtölin að mati foreldra eru um líðan barnsins en næst algengustu voru um nám og þroska þess. Varðandi samskipti fannst foreldrum mjög neikvætt hve oft það gerist að enginn af starfsmönnum deildarinnar eru eftir þegar foreldri sækir barnið, því er erfitt að ætla að eiga í samtali við kennarann sem lítið sem ekkert hefur verið með barninu (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Gera má ráð fyrir að þessi neikvæða sýn foreldra á samstarfið muni færast í aukana þar sem stytting vinnuvikunnar ýtir undir að færri kennarar verða enn í vinnu þegar foreldrar koma og sækja börnin sín í lok dags.

Annar þáttur sem getur haft neikvæð áhrif á samstarf við foreldra eru tíð starfsmannaskipti en eins og komið hefur fram hættir einn af hverjum fjórum starfsmönnum árlega til viðbótar við alla þá starfsmenn sem vinna bara yfir sumartímann. Þetta gerir það að verkum að foreldrar þurfa endurtekið að byggja upp ný tengsl við kennara. Foreldrar greina frá því að oft séu nýir kennarar ekki sérstaklega kynntir fyrir þeim, því sé erfitt að kynnast nýjum starfsmönnum og auðveldara fyrir foreldra að sækja í þá starfsmenn sem þeir þekkja fyrir (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 22). Það er því greinilegt að starfsmenn leikskóla þurfa finna leiðir til þess að koma á mótis við þessar upplifanir foreldra og finna lausnir á þeim.

10 Ytra mat menntamálastofnunar

Menntamálastofnun hefur umsjón með því að meta skóla landsins hvort sem það eru leik-, grunn-, eða framhaldsskólar fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í ytra mati leikskóla eru um sex leikskólar valdir ár hvert og þeir skoðaðir ýtarlega. Starfsmenn menntamálastofnunar fara inn í leikskólana og meta þá út frá viðmiðum, aðalnámskránni, lögum og reglum. Einn þáttur matsins er foreldrasamvinna og ytri tengsl. Í þeim þætti eru sérstaklega skoðuð upplýsingamiðlun kennara til foreldra, viðhorf foreldrana til skólans og annað samstarf. Foreldrasamvinna er skoðuð út frá því hvernig skólinn hagar upplýsingamiðlun, ásamt því að gerðar eru foreldrakannanir og rýnivíðtöl tekin við foreldra (Menntamálastofnun, 2020).

Í þessu ytra mati hefur komið fram að meirihluti foreldra eru ánægðir með leikskólastarfið hjá barninu sínu. Það kemur þó fram að í um 33% þeirra leikskóla sem skoðaðir hafa verið frá árunum 2018-2020 hafa foreldrar óskað eftir meiri upplýsingum frá kennurum dagsdaglega. Í skýrslu sem gerð var árið 2020 töldu foreldrar oft erfitt að ná tali af kennurum og töldu þeir að þarfir sínar væru ekki uppfylltar varðandi upplýsingar um sitt barn, en tóku þó fram að það væri mestu leyti Covid-19 að kenna (Menntamálastofnun, 2020). Í öðrum leikskóla

sögðust foreldrar lítið vita hvað ætti sér stað innan leikskólans dagsdaglega og upplýsingar ekki miklar. Foreldrunum vantaði upplýsingar um viðfangsefni, val og hvernig barninu leið yfir daginn, þeir nefndu einnig að mikill munur væri á hve vel í stakk búnir starfsmennirnir væru í að ræða við foreldrana um börnin. Foreldrarnir voru þó sammála um að tölvupóstar, heimasíða skólans og snjallforritið Karellen virkuðu vel og voru ánægð með þá upplýsingagjöf (Menntamálastofnun, 2020a).

Foreldrar barna í leikskólanum Grænagarði sögðu að sama skapi að miklu munaði um þær upplýsingar sem þeir fengju eftir því við hvaða starfsmann væri talað. Foreldrarnir sögðu að tungumálaerfiðleikar starfsmannana hefðu neikvæð áhrif á daglegar upplýsingar (Menntamálastofnun, 2019, Grænigarður Flateyri). Í öðrum leikskóla kom fram að kennarar og stjórnendur skólans hlustuðu lítið á óskir foreldra, mátti þar nefna óskir um breyttan opnunartíma leikskólans og vegna óholls morgunmatar. Þar kom einnig fram að 38% foreldra væru ekki ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks (Menntamálastofnun, 2019a).

Þeir leikskólar þar sem foreldrar hrósuðu upplýsingaflæði og foreldrasamstarfi var rauði þráðurinn sá að samstarfið einkenndist af hlýju, virðingu og trausti ásamt því oftast var talað um að starfið væri faglegt. Í einum leikskólanum höfðu foreldrar orð á því hve gaman væri að taka þátt í leikskólastarfinu, en leikskólinn hefur hvatt foreldra til að hjálpa til við skólastarfið, með því hafi listafólk og aðrir foreldrar með sérþekkingu komið inn í starf leikskólans og bætt það, ásamt því að kynnast því betur sjálf og hafa bein áhrif á nám barnanna (Menntamálastofnun, 2017).

11 Samantekt

Þegar væntingar foreldra til samstarfs við leikskóla eru skoðaðar eru nokkur meginatriði sem standa upp úr. Foreldrar eru almennt ánægðir með leikskólastarfið og oftast sáttir með samtöl við kennara og aðra starfsmenn. Foreldrar eru ánægðir með þann fjölda funda sem deildarstjórar boða foreldrana á og hve oft formlegar uppákomur eru í skólanum þar sem ætlast er til af foreldrum að mæta og taka þátt (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Það sem foreldrum virðist vanta meira af eru dagleg samskipti við starfsmenn sem geta veitt upplýsingar um hvað barnið þeirra gerði þann daginn, hvernig því leið, við hvern barnið lék, hvað lærði það o.s.frv. (Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2017, bls. 182; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14; Knopf og Swick, 2007 bls. 293). Þegar samvinna leikskóla við foreldra er skoðuð í ytra mati Menntamálastofnunar er sömu sögu að segja, flestir foreldrar eru ánægðir með sinn leikskóla en þó kom fram að í um 33% leikskóla sem skoðaðir voru á árunum 2018 – 2020 fannst foreldrum vanta meiri daglegar upplýsingar (Menntamálastofnun, 2020a, 2020b, 2019a, 2019b)

Foreldrar tala um mikilvægi fagmenntaðra starfsmanna, treysta þeim frekar og sýna virðingu (Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2017, bls. 182), ásamt því að sækja sérstaklega til þeirra í leit að ráðum varðandi líðan og nám barna sinna (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008, bls. 85). Tæplega 70% foreldra í rannsókn Birnu M. Svanbjarnardóttur (2007) vildu fá ráðgjöf frá kennurum varðandi foreldrahlutverkið. Foreldrarnir vildu þessa ráðgjöf í formi fyrirlestra, námskeiða eða persónulegra samskipta en helst vildu þeir fyrirlestra. Foreldrar á Íslandi vilja samkvæmt grein Jóhönnu Einarsdóttur (2010) lítið koma að ákvarðanatöku innan leikskólans og treysta kennurum fyrir þeim en vilja vera meiri þátttakendur í þeim ákvörðunum sem sérstaklega eru teknar um þeirra barn.

12 Umræða

12.1 Mín reynsla af foreldrasamstarfi

Undanfarin ár hefur foreldrasamstarf ekki verið mér ofarlega í huga miðað við margt annað sem fram fer í leikskólanum. Eftir að ég fór að hafa meiri mætur á foreldrasamstarfi hef ég markvisst íhugað hvernig ég háttá mínum foreldrasamskiptum og hafa foreldrar komið mér mikið á óvart. Eftir að ég fór að nýta tíma sérstaklega til þess að ræða við foreldra hef ég fundið fyrir því hvað foreldrar eru áhugasamir um það sem gert er í leikskólanum og bera mikla virðingu fyrir því. Áður hafði ég því miður upplifað foreldra áhugalausna en eftir að hafa rætt sérstaklega við þá foreldra til að reyna að mynda tengsl, hafa þeir komið mjög á óvart. Því finnst mér að kennarar verði að líta í eigin barm áður en foreldrar eru dæmdir áhugalausir. Ég er sammála Bryndísi Garðarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2007, bls. 679.) en þær telja að þegar foreldrar sýni starfi leikskólakennarans áhuga, ræði við hann um barnið og jafnvel hrósi honum hvetji það hann sérstaklega til þess að gera ennþá betur í vinnu með barnið.

Ég hef einnig fundið fyrir því hve mikilvægt er að byrja strax frá upphafi að rækta foreldrasamstarfið. Það er mikilvægt að leggja strax drög að góðu samstarfi vegna þess að erfiðara getur verið að ná til foreldrana seinna meir en Knopf og Swick (2007) vilja meina að mikilvægt sé að byrja foreldrasamstarfið strax og vanda sig sérstaklega við að gera það á jákvæðum nótum, það geti reynst erfitt fyrir komandi samstarf að byrja á neikvæðri umræðu (Cohen og Anders, 2019, bls 138). Líklegt er að það eigi eftir að koma upp vandamál og það getur verið erfitt að ræða slík mál við foreldrana en þá finnst mér gott að vera búinn að mynda traust samband við þá, byrja strax frá upphafi á jákvæðum samskiptum og þegar upp koma vandamál „á ég inni fyrir“ erfiðum samskiptum sem geta t.d. tengst neikvæðri hegðun barnsins.

12.2 Stytting vinnuvikunnar og opnunartíma leikskóla

Það hafa engar rannsóknir verið gerðar um styttingu vinnuvikunnar að höfundi vitandi enda er stutt síðan að hún tók gildi og hafa atvinnurekendur verið að prófa sig áfram í hvernig henni sé best háttáð. Margar mismunandi leiðir hafa verið farnar hjá leikskólum landsins en hver skóli sér um að skipuleggja sína styttingu í stað þess að allir féllu undir sama hatt. Það sem höfundi hefur sýnst vera vinsælasta lausnin er að stytta vinnudaginn með því að starfsmenn mæti annað hvort seinna til vinnu, fari fyrr heim eða jafnvel bæði. Það segir sig nokkuð sjálft að þetta geti haft neikvæð áhrif á foreldrasamstarf þar sem færri kennarar eru við í þau skipti sem foreldrar koma í leikskólann, en þetta er sá tími sem þeir vilja helst nýta

til óformlegra samtala við leikskólakennara (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 13). Þeir eiga því mögulega ekki kost á að tala við starfsmenn sem hafa verið með barninu þann daginn vegna þess að kennarar barnsins eru farnir heim.

Að undanfögnu hef ég orðið var við aukna fjarveru leikskólakennara á þeim tímum sem foreldrar koma í leikskólann. Það líða oft nokkrir dagar þar sem við sjáum ekki stóran hluta foreldra barnanna á deildinni, eða þar til það er okkar dagur að loka eða opna deildina. Þegar foreldrar koma með eða eru að sækja börnin sín eru fáir starfsmenn í húsinu og maður er mögulega einn með hóp barna svo ekki gefst þá einu sinni færi á að tala við foreldrana um þeirra barn. Annar punktur í umræðunni um styttingu vinnuvikunnar er sá að styttingin er 13 mínútur á dag. Leikskólar taka annað hvort greiðslu fyrir hvern stundarfjórðung eða hvern hálf tíma svo að foreldrar hafa mögulega ekki kost á að stytta tíma barnsins í leikskólanum. Foreldrar hafa því mögulega tæpt korter til að sækja barnið fyrir eða nýta tímann sem þau hafa nú þegar borgað rekstraraðilum leikskólans fyrir og klára ýmis verkefni áður en barnið er sótt, skjótast í bankann eða kaupa í matinn. Vinnustyttingin skilar sér því ekki í styttri vistunartíma barnanna. Því finnst mér að það þurfi að endurskoða styttingu vinnuvikunnar með tilliti til vistunartíma barnanna. Styttingin hefur ekki verið hugsuð út frá nauðsynlegu samstarfi skóla og heimilis og það hefur verið litið framhjá mikilvægi foreldrasamstarfs fyrir nám og vellíðan barna í leikskóla, en mikilvægi þess hefur verið margsannað (Epstein og Sanders, 2006, bls. 87; Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 679; Berčnik og Devjak, 2017, bls. 212).

12.3 Virðing foreldra í garð leikskólakennara

Kennarastarfið hefur á undanfögnu árum verið að breytast mikið. Aldrei hafa eins mörg tvítýngd börn verið í leikskólum, skrifleg verkefni er að færast í aukana, til dæmis þau sem skila þarf til sveitarfélaganna, börn verja meiri tíma í leikskólum og færri kennarar eru við vinnu nú en áður. Í rannsókn þeirra Jónínu Sæmundsdóttur og Sólveigu Karvelsdóttur (2008) kemur fram að kennarar telji að 93,8% foreldra hafi meiri væntingar til kennara en áður. Ég hef einungis unnið rúm fimm ár í leikskóla og finnst ég því ekki geta myndað mér skoðun á þeim málum, hins vegar þegar samstarfsfólk mitt með meiri reynslu er spurt svara þau því að þau séu sammála rannsókninni. Samstarfsfólk mitt telur að foreldrar nú til dags hafi áttað sig meira á mikilvægi bernskuáranna og sækji sér í auknum mæli fróðleik um hvernig best sé ala upp barnið sitt með því að sækja námskeið, lesa bækur eða hlusta á hlaðvörp. Þetta gerir það að verkum að foreldrar eru með ákveðnar hugmyndir hvernig ala eigi barnið upp og setja meiri kröfur á kennarana og sækjast oftast í samskipti við kennarana um hvernig barninu gengur í leikskólanum en hér áður fyrir.

Að mínu mati verða kennarar að nýta sér þessa jákvæðu þróun og hlúa vel að foreldrasamstarfinu. Foreldrasamstarfið er, eins og áður hefur verið sagt, mikilvægt fyrir foreldra og börn en einnig fyrir kennarana (Epstein og Sanders, 2006, bls. 87; Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 679). Kennarastéttin þarfnast meiri virðingar frá samfélaginu í heild sinni og mér finnst besta leiðin í þá átt vera foreldrasamstarf. Sama hve vel við vinnum okkar vinnu sem kennarar þá breyta börnin ekki sýn almennings á leikskólakennarastéttina heldur eru það foreldrarnir. Því þarf starfið að vera mun gagnsærra en það er í dag. Ég hef það á tilfinningunni að foreldrar átta sig ekki á allri þeirri vinnu sem fer fram í leikskólanum varðandi hvert barn. Kennarar þurfa að vera duglegri við að rækta samband sitt við foreldra og sýna þeim þá vinnu sem fram fer í leikskólanum og þá munu allir njóta ávinningsins, foreldrar, kennarar og börn. Meirihluti leikskólakennara í rannsókn Jónínu Sæmundardóttur og Sólveigar Karlsdóttur (2009, bls. 675) sögðu að þeir væru efins um að foreldrar þekktu starfið sem fram færi inni á deild leikskólans.

12.4 Fjölbreyttur hópur foreldra

Erlendum börnum fjölgar í leikskólunum og kennarar þurfa nú að taka oftari en áður á móti börnum með fjölbreyttan bakgrunn. Í rannsókn Önnu Lilju Sævarsdóttur, Önnu Elísu Hreiðarsdóttur og Hermínu Gunnþórsdóttur (2013) kom fram að 95% kennara sem tóku þátt í rannsókninni höfðu tekið á móti erlendu barni. Það sem kom þó sérstaklega á óvart var hve margir höfðu tekið á móti barni þar sem foreldrar þeirra og kennarar höfðu enga sameiginlega tungumálakunnáttu eða um 71% þeirra, en 20% kennarana höfðu gert það oftari en fimm sinnum. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda barna af erlendum uppruna virðast kennarar ennþá taka eins á móti erlendum börnum og þeim íslensku. Að mínu mati ættu erlendir foreldrar að eiga möguleika á auka foreldrafundi þegar að börnin þeirra byrja í leikskólanum til þess að afla sér upplýsinga og byrja að rækta samstarfið milli leikskóla og foreldris. Kynningarefni ættu einnig að vera þýdd á helstu tungumál eins og ensku, pólsku, litháísku og fillippísku en flestir innflytjendur á Íslandi eru þaðan (Hagstofa Íslands, 2019).

Mikilvægt er að finna leiðir til að auka þátttöku foreldra af erlendum uppruna í leikskólastarfinu þá sérstaklega foreldra sem ekki tala íslensku. Til að mynda sækja erlendir foreldrar síður á foreldraviðburði í skólum vegna tungumálaörðuleika eins og fram kemur í grein Hönnu Halldóru Leifsdóttur (2014, bls. 55). Túlkaþjónusta er réttur foreldra og þeim að kostnaðarlausu, en engu að síður kemur fram að erlendir foreldrar neita oft að þiggja þá þjónustu. Þessu hef ég fengið að kynnast í minni vinnu, en ástæðan er talin vera að líkur eru á að foreldrarnir og túlkurinn þekktist og þá sérstaklega ef það eru fáir héraendis sem tala það tungumál. Erfitt er að fá utanaðkomandi hjálp inn í viðkvæm mál þar sem traust ríkir ekki við

túlkinn, en engar rannsóknir fundust um þetta málefni við skrif þessarar ritgerðar.

12.5 Mismunandi viðhorf kennara og foreldra til foreldrasamstarfs

Oft gætir misskilnings meðal kennara og foreldra um hvernig samstarfinu milli heimilis og leikskóla eigi að vera háttað. Kennarar eiga það til að upplifa foreldra áhugalausá í garð leikskólans og því starfi sem þar fer fram en í rannsókn Bryndísar Garðarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2007) kom fram að 50,9% kennara finnst ástæða fyrir slæmu samstarfi áhugaleysi foreldrana. Það kemur þó fram í öðrum rannsóknum að foreldrar hafa mikinn áhuga á námi barnsins síns, hafa skoðanir og vilja fylgjast með og hafa áhrif á námið. Það er því kennara að finna leiðir til þess að draga fram þessar skoðanir foreldra og hjálpa þeim við það að verða stærri hluti af námi barnanna og skólastarfsins í heild.

Mér finnst kennarar og foreldrar þurfa að vera betur samstilltir, en það kemur fram í rannsókn Cohen og Anders (2019, bls 128) að hóparnir tveir eru oft ekki nægilega ánægðir með þær skuldbindingar sem hinn aðilinn á að standa skil á. Ég er að vissu leiti sammála en bæði foreldrar og kennarar þurfa að þekkja vel væntingar hins hópsins til þeirra og bera virðingu fyrir þeim (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 6). Þessar væntingar eru meðal annars hvernig stuðlað er að námi og vellíðan barnsins frá báðum hliðum en einnig í litlu hversdagslegu hlutunum, dæmi um það er að foreldrar merki föt barnanna, lesi og svari tölvupóstum o.s.frv. Sýn kennara er sú þeir að láta foreldra vita af vandamálum barnsins, heilsa börnum og foreldrum með nafni á morgnana og vera tilbúnir að veita upplýsingar um dag barnsins þegar það er sótt (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Þegar komið er til móts við þessar einföldu væntingar skapast mun betri aðstæður til þess að eiga í góðu samstarfi. Þegar illa gengur og lítil vandamál sem þessi fá að viðhaldast eiga báðir hópar á hættu að byrja forðast samtal og samstarf og sá sem tapar allra mest á því er barnið sjálft. Það ætti því að vera auðvelt að samstillja betur foreldra og kennara einungis með því að tala hreinskilningslega saman. Mín upplifun frá bæði kennurum og foreldrum er sú að þau vandamál sem eiga sér stað í samstarfi þar á milli eru auðleysanleg bara ef þau eru færð upp á yfirborðið og rædd.

12.6 Samskiptaleiðir kennara og foreldra

Leikskólakennarar nota fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra. Allt frá foreldraviðtölum, daglegum samskiptum og nú í auknum mæli með rafrænum hætti. Tæknin er ein leið sem ætti að geta hjálpað kennurum að koma til móts við foreldra og virðast kennarar nýta sér hana en ekki vera komnir eins langt og þeir ættu að vera. Í ytra mati menntamálastofnunar þar sem ég skoðaði upplýsingamiðlun leikskólanna síðustu ár komu fram vísbendingar um að foreldrar nýttu sér heimasíður leikskólanna takmarkað. Möguleg ástæða þess er sú að

vefsíður eru minna að notaðar nú til dags, önnur tækni hefur tekið við eins og snjallforrit sem notuð eru til þess að skoða fréttamiðla, hlusta á tónlist eða skoða tölvupóstinn. Í þeim leikskólum sem voru skoðaðir voru nokkrir skólar byrjaðir að nota snjallforritin Karellen eða Völuna, þar sem hægt er að senda skilaboð, myndir og myndbrot beint til foreldra ásamt upplýsingum um hvernig barnið svaf og borðaði yfir daginn. Í þeim leikskólum höfðu foreldrarnir orð á því að sú leið væri góð til upplýsingaflæðis á milli foreldra og starfsmanna (Menntamálastofnun, 2020a)

Höfundur hefur kynnst Völu appinu í sinni vinnu en finnst því miður það snjallforrit stutt komið í sinni þróun. Margir gallar eru á því eins og til dæmis Apple-notendur fá ekki tilkynningar í símann sinn þegar þeim berast skilaboð og ekki er hægt að senda öllum foreldrum skilaboð í einu. Auk þess sem forritið er hægvirkt og á það til að frjósa. Það vantar fjármagn til þess að bæta þessi snjallforrit enda ættu þau að geta orðið frábært tól til þess að auðvelda kennurum og foreldrum miðlun upplýsinga sín á milli. Að mínu mati munu foreldrar vera mun líklegri og sneggri til að skoða skilaboð sem berast í símann þeirra heldur en á gamla mátann, með tölvupósti og skoða heimasíðu leikskólans. Kennarar sem Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir (2009, bls. 675) töluðu við í sínum rannsóknum upplifðu foreldra oft illa með á nótunum þrátt fyrir að upplýsingar bærust til foreldranna með tölvupóstum eða þá að þær væri að finna á heimasíðu leikskólans. Í ytra mati leikskólanna kom fram að foreldrar séu oftast ánægðir með tölvupóstsamskipti sín við leikskólann en oft kom fram í rýnivíðtölum að foreldrarnir fóru afar sjaldan inná heimasíðu leikskólans (Menntamálastofnun, 2020a, 2020b)

12.7 Foreldrakannanir og samræmi við fyrri rannsóknir

Í ytra mati menntamálastofnunar kom fram að í um þriðjung leikskóla á síðustu 4 árum voru foreldrar ekki nægilega ánægðir með daglegar upplýsingar frá starfsmönnum. Þá vantaði upplýsingar um hvað barnið hafði fengist við þann daginn og hvernig því hafði gengið, til þess að taka meiri þátt í námi og vellíðan barnsins (Menntamálastofnun, 2020a, 2020b, 2019a, 2019b). Þessar niðurstöður ytra matsins haldast í hendur við aðrar rannsóknir sem fjalla um foreldrasamstarf þar sem fram kemur að foreldrar séu almennt ánægðir með leikskólana, þeir eru ánægðir með foreldrafundi og vikulega tölvupósta. Það sem foreldrum vantar meira af eru daglegu samskiptin sem fjalla sérstaklega um þeirra eigið barn (Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2017, bls 182; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Þessar niðurstöður samræmast einnig foreldrakönnun sem gerð var á vinnustaðnum mínum. Foreldrar voru almennt mjög ánægðir með leikskólann, en í opnum svörum foreldra kom fram að þá vantaði fleiri tækifæri til daglegra samskipta við kennara barnsins. Covid-19 mun líklega hafa haft mikil áhrif á útkomu könnunarinnar vegna þess hve lítið foreldrar hafa getað

hitt kennara og margir foreldrar ekki ennþá fengið að koma inn í leikskólann. Engu að síður haldast allar þessar kannanir, rannsóknir og fræðigreinar í hendur og hægt er að segja að foreldrum barna í leikskóla vantar almennt meiri dagleg samskipti við kennara síns barns.

13 Lokaorð

Í þessari ritgerð var leitast við að skilja betur væntingar foreldra til samstarfs við leikskólakennara og starfsfólks leikskóla. Niðurstöðurnar sýna fram á að foreldrasamstarf í leikskólum sé mikilvægt og að börn njóti góðs af ef foreldrasamstarf er traust. Börn eru líkleg til að ganga vel í námi og sækja sér frekari menntunar í framtíðinni (Berčnik og Devjak, 2017, bls. 212; Epstein og Sanders, 2006, bls. 87). Foreldrar upplifa að starfsfólk leikskóla vinni betra starf með barnið sitt og stuðli að vellíðan þeirra (Knopf og Swick, 2007 bls. 292). Leikskólakennarar sinna starf sínu enn betur við að finna fyrir áhuga foreldra (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 679).

Foreldrar eru almennt ánægðir með gang mála innan leikskólans, þeir eru ánægðir með fjölda formlegra viðburða innan skólans og með samskipti í gegnum tölvupóst (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Foreldrar virðast ekki eins ánægðir með dagleg samskipti við starfsmenn leikskóla, foreldrar vilja meiri upplýsingar um hvernig sínu barni gekk og við hvað þeirra barn fékkst þann daginn (Jóhanna Einarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir, 2017, bls. 182; Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Foreldrar minnst á að erfitt getur verið að ná tali af kennurum barnsins og þá sérstaklega í ró og næði þar sem aðrir kennarar, foreldrar eða börn heyrðu ekki til (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 14). Stytting vinnuvikunnar og breyttir lokunartímar leikskóla gætu gert það að verkum að enn erfiðara verður fyrir foreldra að ná tali af kennurum síns barns vegna þess að nú fara fleiri börn á sama tíma úr leikskólanum, ásamt því að starfsmenn eru mögulega farnir áður en foreldrar sækja börnin sín. Í ytra mati Menntamálastofnunar kom fram að í 33% skóla sem skoðaðir voru árin 2018-2020 kvörtuðu foreldrar yfir því að þeim þeim vantaði meiri dagleg samskipti við starfsmenn leikskólans (Menntamálastofnun, 2020a, 2020b, 2019a, 2019b).

Fjölgun erlendra foreldra heldur áfram og hefur margfaldast síðan síðustu aldamót (Hagstofa Íslands, 2021b). Kennarar virðast ekki taka sérstaklega á móti þeim foreldrum þrátt fyrir að þeir hafa ekki grunnþekkingu á íslensku skólastarfi og því sem hér fer fram (Hanna Halldóra Leifsdóttir, 2014, bls. 26). Það kemur á óvart að einungis 7% kennara töldu að tungumálaerfiðleikar væru ástæða slæms foreldrasamstarfs (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 679). Erlendum foreldrum finnast þó tungumálið oft gera þeim lífið erfiðara og mæta til að mynda illa á foreldrafundi og aðra formlega viðburði vegna þess (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013). Að mínu mati þarf að vinna betra starf með erlendum foreldrum og rannsóknir á því sviði eru þarfar.

Væntingar foreldra eru því verulega mismunandi og þurfa kennarar að sýna mikla hæfni til

Þess að komast til móts við þær allar. Þó eru leikskólastarfsmenn búnir að ávinna mjög mikið ef daglegum samskiptum við foreldra verður komið í betra horf. Foreldrar vilja geta tekið meiri þátt í námi barnsins heima fyrir og verða því að vita við hvað barnið hefur verið að fást við þann daginn í sínu námi. Að mínu mati vantar fleiri rannsóknir sem unnar eru út frá viðhorfum foreldra til leikskólastarfs en lítið er til af slíkum rannsóknum hér á landi en þær ættu að geta gefið leikskólum betri innsýn í hug foreldra.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Angran Li og Mary J. Fischer. (2017). Advantaged/Disadvantaged School Neighborhoods, Parental Networks, and Parental Involvement at Elementary School. *Sociology of Education*. 90(4), 355-377. <https://doi.org/10.1177/0038040717732332>

Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. (2013). Foreldrasamstarf og fjölmening. Samskipti deildarstjóra í leikskóla við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/016.pdf>

Birna María Svanbjörnsdóttir. (2007). Vilja foreldrar stuðning í foreldrahlutverkinu? *Uppeldi og menntun*, 16(2), 95–115. <https://timarit.is/page/5209223>

Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Á mótum tveggja heima: Samstarf heimila og leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 679– 690). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Epstein, J. L., and M. G. Sanders. (2006). Prospects for change: Preparing educators for school, family, and community partnerships. *Peabody Journal of Education*, 81(2), 81–120. doi:10.1207/S15327930pje8102_5

Félag leikskólakennara. (2021). Starfslýsingar: Deildarstjóri í leikskóla. Ki.is. <https://www.ki.is/kjaramal-og-styrkir/kjarasamningar/felag-leikskolakennara/>

Franziska Cohen og Yvonne Anders. (2019). Family involvement in early childhood education and care and its effects on the social-emotional and language skills of 3-year-old children. *School Effectiveness and School Improvement. An International Journal of Research, Policy and Practice*, 31(1), 125-142. <https://doi.org/10.1080/09243453.2019.1646293>

Gal Harpaz og Yael Grinshtain. (2020). Parent–Teacher Relations, Parental Self-Efficacy, and Parents’ Help-Seeking From Teachers About Children’s Learning and Socio-Emotional Problems. *Education and Urban Society*, 52(9), 1397-1416 <https://doi.org/10.1177/0013124520915597>

Hanna Halldóra Leifsdóttir. (2014). „Þetta er bara partur af menningunni hér og maður verður bara að synda með“: Upplifun erlendra foreldra af því að byrja með barn í íslenskum leikskóla [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/17434>

Hagstofa Íslands. (2021a). Börn í leikskólum eftir kyni, aldri, landsvæðum og lengd viðveru 1998-2019. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_1_leikskolastig_0_IsNemendur/SKO01102.px/table/tableViewLayout1/?rxid=10131201-789a-4a68-8188-c7c5ee9e5a25

Hagstofa Íslands. (2021b). Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998-2019. Sótt af

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_IsNemendur/SKO01103.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a2d72470-82a7-4a8b-b3e4-66fc95f6555a

Hagstofa Íslands. (2021c). Brottfall starfsfólks í leikskólum eftir starfi 1998-2019. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__1_IsStarfsfolk/SKO01310.px/table/tableViewLayout1/?rxid=c6cf8c0d-bd03-4ec8-b05c-a3c5165d1d56

Hagstofa Íslands. (2021d). Menntuðum leikskólakennurum fækkar. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/born-og-starfsfolk-i-leikskolum-2018/>

Jóhann Einarsson. (2010). Leikskólastarf af sjónarhóli foreldra. *Uppeldi og menntun*, 19(1-2 hefti), 9-29. <https://timarit.is/page/5283262>

Jóhanna Einarsson og Arna H. Jónsdóttir. (2017). Áherslur og valdatengsl í samstarfi starfsfólks og foreldra í leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/004.pdf

Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir. (2008). Þáttur ráðgjafar í samstarfi leikskólakennara og foreldra. *Tímarit um menntarannsóknir*, 5(1), 77-91. <http://hdl.handle.net/1946/15134>

Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir. (2009). Tengsl foreldra við leikskólastarfið. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 669-680). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Kari Kragh Blume Dahl. (2017). Too much parental cooperation? Parent–teacher cooperation and how it influences professional responsibility among Danish schoolteachers. *Power and Education* 9(3), 177-191. <https://doi.org/10.1177/1757743817737562>

Knopf, H. T. og Swick, K. J. (2007). How parents feel about their child's teacher/school: Implications for early childhood professionals. *Early Childhood Education Journal*, 34(4), 291–296. <http://dx.doi.org/10.1007/s10643-006-0119-6>

Mariana Souto-Manning og Kevin J. Swick. (2006). Teachers' Beliefs about Parent and Family Involvement: Rethinking our Family Involvement Paradigm. *Early Childhood Education Journal*, 34(2), 187–193. Doi: 10.1007/s10643-006-0063-5

Menntamálastofnun. (2020a). *Ytra mat. Leikskólinn Ásgarður*. https://mms.is/sites/mms.is/files/leikskolinn_asgardur_2020.pdf

Menntamálastofnun. (2020b). *Ytra mat. Leikskólinn Dalur í Kópavogi*. https://mms.is/sites/mms.is/files/leikskolinn_dalur_2020_2pr_002.pdf

Menntamálastofnun. (2019a). *Ytra mat. Leikskólinn Mánaland*. https://mms.is/sites/mms.is/files/leikskolinn_manaland_2019_vef.pdf

Menntamálastofnun. (2019b). *Ytra mat. Leikskólinn Grænigarður Flateyri*.
https://mms.is/sites/mms.is/files/leikskolinn_graenigardur_2019_an.pdf

Menntamálastofnun. (2017). *Ytra mat. Leikskólinn Sæborg Reykjavík*.
https://mms.is/sites/mms.is/files/leikskolinn_saeborg_2017_vef.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt af
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf

Sanja Berčnik og Tatjana Devjak. (2017). Cooperation between Parents and Preschool Institutions through Different Concepts of Preschool Education. *Center for Educational Policy Studies Journal*, 7(4), 207-226. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1165366.pdf>